

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Norðurlandi vestra, 26. júlí 2022

Umsögn; Drög að frumvarpi til laga um sýslumann, mál nr. 122/2022.

Í Samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar mál nr. 122/2022, *Drög að frumvarpi til laga um sýslumann* með umsagnarfresti til 31. júlí 2022.

Á 76. fundi stjórnar SSNV sem haldinn var þann 5. apríl 2022 var brugðist við bréfi frá dómsmálaráðherra vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar sýslumannsembætta með svohljóðandi bókun:

Lagt fram bréf frá Jóni Gunnarssyni, dómsmálaráðherra, dags. 21. mars 2022. Í því eru kynntar fyrirhugaðar breytingar á sýslumannsembættum sem m.a. felast í því að embætti sýslumanna um land allt verði sameinuð í eitt. Stjórn SSNV lýsir yfir áhyggjum af fyrirhugaðri breytingu og harmar að ekki hafi verið viðhaft samráð við sveitarfélög í undirbúningi hennar. Vísað er í hraða stafræna þróun og að núverandi skipulag henti illa af þeim sökum. Stjórn SSNV vill benda á að stafræn þróun sýslumannsembætta hefur staðið yfir um nokkurt skeið og ekki að sjá að núverandi fyrirkomulag hafi verið til trafala í þeim efnum. Einnig er vert að benda á að sýslumenn fara með úrlausn viðkvæmra mála sem erfitt er að sjá að hægt sé að leysa með rafrænum hætti. Í bréfinu kemur jafnframt fram að markmiðið með breytingunni er að efla núverandi starfsemi og styrkja þær starfsstöðvar sem eru að þjónusta almenning um land allt. Ekki er tiltekið með hvaða hætti. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir frekari kynningu á breytingunni til að betur verði hægt að leggja mat á áhrif hennar á samfélögin í landshlutanum.

Í framhaldi bókunarinnar átti hluti stjórnar samtakanna fund með dómsmálaráðherra um málið þar sem megin áhyggjur voru reifaðar.

Nú þegar drög að frumvarpi hafa verið lögð fram er ekki að sjá að þeim athugasemdum og áhyggjum sem settar voru fram á fyrri stigum hafi verið mætt. Af hálfu ráðherra hefur verið staðhæft að eitt markmiða breytingarinnar sé að efla starfsstöðvarnar á landsbyggðinni en í frumvarpstextanum eru engar tryggingar fyrir því að svo verði gert eða að nauðsynlegar valdheimildir sýslumana verði til staðar. Þvert á móti eru lýsingar á starfsemi embættanna á landsbyggðinni miðaðar við lágmarksþjónustu en ekkert sagt fyrir um þróun hennar eða eflingu. Eins og fram kemur í umsögn byggðarráðs Skagafjarðar um málið:

Byggðarráð geldur hins vegar varhug við að embættum sýslumanna verði fækkað en spörin

hræða í þeim efnum að þegar stjórnýslueiningar missa ákveðið sjálfstæði hefur slíkt oftast en ekki leitt til þess að umfang starfsstöðva þeirra hefur minnkað í kjölfarið eða þeim verið lokað með tilheyrandi skerðingu á nærþjónustu. Nægir þar að nefna starfsemi svæðisstöðva Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni, starfsemi Vegagerðarinnar, Rarik o.fl. Byggðarráð leggur því áherslu á að frumvarp þetta verði ekki lögfest án þess að samhliða verði fest í lög þau verkefni og umsvif sem starfsstöðvum sýslumanns er ætlað að sinna.

Stjórn SSNV tekur heilshugar undir áhyggjur byggðarráðs Skagafjarðar og þá áherslu á að verkefni og umsvif embættanna verði fest í lög. Að öðrum kosti er hætta á að smátt og smátt molni undan embættunum á landsbyggðinni. Jafnframt er mikilvægt að þær valdheimildir sem sýslumenn hafa í dag verði áfram til staðar heima í héraði til að taka megi brýnar ákvarðanir hratt og örugglega. Miðað við texta frumvarpsdraganna er hætta á að svo verði ekki og að óbreyttu um að ræða valdaframsal sem ekki er hægt að una við. Eins og samtökin bentu ráðherra á á fundi fyrr á árinu eru fjölmargir málaflokkar sem ekki verður unnt að leysa með rafrænum hætti, svo sem fjölskyldu- og fullnustumál. Því eru þessar valdheimildir nauðsynlegar heima í héraði.

Einnig er vert að benda á að engar rekstrartölur eða áætlanir til langs tíma liggja fyrir eins og krafa er gerð um skv. lögum. Sökum þess mun við gildistöku laganna að óbreyttu ekki vera unnt að bjóða núverandi starfsmönnum störf nema til skamms tíma miðað við fjárheimildir ársins 2024. Við það skapast óviðunandi óvissa fyrir starfsmenn. Umræður um málið á komandi þingi munu jafnframt reyna á núverandi kerfi, samfélög á landsbyggðinni sem mikið eiga undir starfsstöðvum sýslumanna og síðast en ekki síst starfsfólk embættanna. Reynslan sýnir að slík óvissa getur leitt til þess að starfsfólk fer að leita að öðrum störfum sem mun leiða til spekileka úr embættunum með tilheyrandi áhrifum á þjónustu, auknum kostnaði og áhrifum á samfélagin þar sem embættin eru í dag staðsett.

Af framangreindum ástæðum leggur stjórn SSNV áherslu á að frumvarpið nái ekki fram að ganga nema gerðar verði á því eftirfarandi breytingar:

- Skýrt verði í frumvarpinu hvernig efla á embættin á landsbyggðinni eins og fyrirheit hafa verið gefin um.
- Núverandi valdsviði sýslumannsembættanna heima í héraði verði viðhaldið í lagatextanum svo bregðast megi við brýnum málum hratt og örugglega.
- Verkefni embættanna verði skýr í lagatextanum.
- Gerðar verði langtíma fjárhags- og rekstraráætlanir fyrir embættin svo ráða megi starfsfólk í breytt embætti til langs tíma til að koma í veg fyrir spekileka og óþarfa röt á starfseminni.

Fari svo að framangreindar breytingar verði gerðar og frumvarpið nái fram að ganga, vill stjórn samtakanna leggja áherslu á það sem fram kom í fundargerð 77. fundar þann 10. maí 2022, þar sem þess er óskað að aðalskrifstofa nýs sýslumanns fyrir landið allt verði staðsett á Norðurlandi vestra. Ríkið samþykkti nýverið að kaupa viðbótarhúsnæði í því húsi sem hýsir núverandi skrifstofu sýslumannsins á Norðurlandi vestra á Blönduósi. Nægt rými er þar til að hýsa nýtt embætti nái frumvarpið, með fyrrgreindum breytingum, fram að ganga.

Að síðustu er gerð athugasemd við tímasetningu á birtingu þeirra frumvarpsdraga sem hér hefur verið fjallað um. Um er að ræða mikilvægt mál er varðar stjórnsýslu og störf heima í héraði og því ótækt að málið sé birt á þeim tíma sem flestir eru í sumarleyfum. Markmið með samráði hlýtur að vera að ná fram sem flestum sjónarmiðum. Ekki fæst séð að tímasetning þessa máls sé til þess fallið, né heldur sá frestur sem gefinn er til að senda inn umsögn, rúmar tvær vikur.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við ráðuneytið vegna málsins.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri